SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 525/2021, með síðari breytingum

1. gr.

1. mgr. 8. gr. samþykktarinnar breytist og orðast svo: „Sveitarstjórn heldur reglulega fundi sína tvisvar sinnum í mánuði í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði. Í upphafi hvers kjörtímabils skal sveitarstjórn ákveða fundardaga og fundartíma sveitarstjórnar fyrir kjörtímabilið. Bæjarstjórn er heimilt að breyta fundartíma eða fundarstað sínum, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust.“

2. gr.

Í stað orðanna „aðal- og varafulltrúa á aðalfund“ í 3. tl. C. liðar 48. gr. kemur: einn fulltrúa í kjörnefnd.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á C-lið 48. gr. samþykktarinnar:

Við bætast fimm nýjir töluliðir, svohljóðandi:
Svæðisskipulagsnefnd sveitarfélaganna á Vestfjörðum: Bæjarstjórn kýs tvo fulltrúa í svæðisskipulagsnefnd sveitarfélaganna á Vestfjörðum samkvæmt starfsreglum nefndarinnar.
Farsældarráð Vestfjarða: Bæjarstjórn kýs einn aðalfulltrúa og einn varafulltrúa í Farsældarráð Vestfjarða, sbr. 5. gr. laga nr. 86/2021, um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Auk þess kýr bæjarstjórn einn aðalfulltrúa og einn varafulltrúa í stjórn ráðsins.
Stjórn Lýðskólans á Flateyri: Bæjarstjórn kýs einn fulltrúa í stjórn Lýðskólans á Flateyri, í samræmi við samþykktir Lýðskólans.
Úrgangsráð Vestfjarða: Bæjarstjórn kýs einn aðalfulltrúa og einn varafulltrúa í Úrgangsráð Vestfjarða, í samræmi við Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Vestfjörðum 2024-2035.
Framkvæmdasjóður Skrúðs: Bæjarstjórn kýs einn fulltrúa í Framkvæmdasjóð Skrúðs, í samræmi við skipulagsskrá sjóðsins.

4. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.